



Leiðbeiningar

Innflutningur á matvælum

Inngangur.

Dreifing á matvælum innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur er starfsleyfis skyld hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur nema annað sé ákveðið í lögum um matvæli nr. 93/1995.

Undir dreifingu fellur innflutningur, útflutningur, sala og geymsla á matvælum.

Sækja þarf um starfsleyfi áður en starfsemi hefst.

Óheimilt er að hefja starfsleyfis skylda starfsemi hafi starfsleyfi ekki verið gefið út.

Gildissvið.

Leiðbeiningar þessar gilda fyrir matvælafyrirtæki í Reykjavík sem hyggjast flytja inn forpökkuð eða óforpökkuð matvæli til dreifingar á Íslandi.

Dæmi um matvæli: Fæðubótarefni, áfengi, sælgæti, gosdrykkir, vatn, ávextir, grænmeti, próteinstangir, þurrefnablöndur.

Matvælafyrirtæki sem einungis hyggjast eða hafa að meginstarfsemi að flytja inn búfjárafurðir og/eða sjávarafurðir skulu sækja um starfsleyfi til Matvælastofnunar.

Ábyrgð.

Stjórnandi matvælafyrirtækis ber ábyrgð á að matvælin sem hann dreifir séu örugg og að þau uppfylli ákvæði matvælalaga og reglugerða sem settar eru með stoð í þeim, svo sem hvað varðar innihaldsefni og matvælaupplýsingar, þar með talið fullyrðingar.

Hvað þarf ég að gera?

1. Tryggja að matvælin sem fyrirtækið hyggst flytja inn megi selja á Íslandi og á Evrópska efnahagssvæðinu. Í þessu felst m.a. að:
 - a. Varan sé matvæli og sé markaðssett sem slík.
 - b. Innihaldsefni séu leyfð. Undir innihaldsefni falla aukefni, vítamín, steinefni, jurttir, koffín o.fl.
 - c. Varnarefni, ef um slíka notkun er að ræða við framleiðslu vörunnar, uppfylli kröfur Evrópusambandsins. Undir varnarefni falla illgresiseyðar og skordýraeitur.
 - d. Matvælaupplýsingar á umbúðum og fylgiskjölum uppfylli kröfur Evrópusambandsins. Vakin er athygli á að fullyrðingar falla undir matvælaupplýsingar. Matvælaupplýsingar eiga að vera á dönsku, sænsku, norsku, íslensku og/eða ensku.
 - e. Framleiðandi eða birgir sé skráður eða með leyfi frá matvælaeftirliti í framleiðslulandi eða í því landi þar sem birgir er staðsettur.
 - f. Ef ætlunin er að flytja inn lífræn matvæli frá landi utan Evrópska efnahagssvæðisins þarf matvælafyrirtækið að fá vottun frá Vottunarstofunni Túni.
2. Tryggja öryggi matvæla í dreifingu.
 - a. Ef um er að ræða kælivörur þá þarf að geyma þær við 0-4°C.
 - b. Ef um er að ræða frystivörur þá þarf að geyma þær við -18°C eða lægra hitastig.



- c. Matvæli mega ekki spillast eða skemmast við flutning eða í geymslu.
3. Finna geymsluhúsnæði.
 - a. Geymsluhúsnæði matvæla þarf að vera í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar um atvinnuhúsnæði og hafa hlotið samþykki byggingarfulltrúa fyrir starfseminni.¹ Geymsluhúsnæðið þarf einnig að uppfylla ákvæði matvælaöggjafarinnar. Sjá nánar [hér](#). Óheimilt er að geyma matvæli sem ætluð eru til dreifingar á markaði í húsnæði sem ekki er atvinnuhúsnæði.
 - b. Geymsluhúsnæðið þarf að hafa starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga.
 - c. Fyrirtækið getur gert samning við annað matvælafyrirtæki um geymslu og flutning sem hefur starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga til slíkrar starfsemi.
4. Útbúa [matvælaöryggiskerfi](#) (innra eftirlit). Það þarf að lágmarki að innihalda eftirfarandi þætti:
 - a. Skriflegt verklag um [innköllun](#).
 - b. Skriflegt verklag um [rekjanleika](#). Rekja þarf eitt skref til baka og eitt skref áfram ef ekki er um beina afhendingu til neytenda að ræða.
 - c. Skriflegt verklag um innkaup matvæla, þ.e. að matvæli uppfylli kröfur evrópsku matvælaöggjafarinnar (t.d. að matvælaupplýsingar og innihaldsefni séu í lagi).
 - d. Ef matvælafyrirtækið sér sjálft um geymslu og flutning þarf matvælaöryggiskerfið að innihalda fleiri þætti. Dæmi: Meindýravarnir, eftirlit með húsnæði, þrif húsnæðis og flutningstækja, þjálfun og fræðslu starfsmanna, eftirlit með hitastigi.
5. [Sækja um starfsleyfi](#).
6. Með umsókn um starfsleyfi þurfa að fylgja eftirfarandi gögn.
 - a. Upplýsingar um að matvælin megi selja á Íslandi og á Evrópska efnahagssvæðinu (sjá hér að ofan).
 - b. Upplýsingar um hvernig geymslu matvæla verður háttáð.
 - i. Ef fyrirtækið gerir samning við matvælafyrirtæki um geymslu matvæla þarf að senda skriflega, dagsetta og undirritaða yfirlýsingu eða afrit af samningi frá viðkomandi aðila um að hann annist geymslu matvæla. Gildistími þarf að koma fram.
 - c. Upplýsingar um hvernig flutningi matvæla verður háttáð.
 - d. Matvælaöryggiskerfi.
 - e. Sýnishorn af matvælaupplýsingum. Ef ætlunin er að reka vefverslun verður jafnframt að senda upplýsingar um hvernig miðlun matvælaupplýsinga í vefversluninni verður háttáð.

Við vinnslu umsóknar getur heilbrigðisfulltrúi kallað eftir viðbótargögnum. Viðbótargögn geta verið rannsóknaniðurstöður.

Hvað tekur langan tíma að afgreiða starfsleyfi?

Það er misjafnt en að lágmarki ein vika frá því umsókn er móttækin og hún metin fullnægjandi. Ef fyrirtækið sjálft annast geymslu matvæla þarf heilbrigðisfulltrúi að koma í eftirlit. Ef í eftirliti kemur í ljós að húsnæði er ekki í samræmi við samþykktar teikningar eða samþykktu notkun getur umsækjandi/fyrirtækið þurft að sækja um byggingarleyfi til byggingarfulltrúa. Slíkt getur seinkað afgreiðslu umsóknar verulega.

Ef umsókn er ekki fullnægjandi, t.d. gögn vantar, mun afgreiðslu umsóknar seinka.

¹ Reglugerð nr. 506/2010.



Reykjavíkurborg
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Kostnaður.

Um kostnað vegna vinnu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, s.s. vegna starfsleyfis og eftirlits, fer skv. gildandi [gjaldskrá](#) Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Samkvæmt matvælalögum ber matvælafyrirtæki að greiða kostnað vegna matvælaeftirlits, þ.m.t. varðandi rannsóknir.

Lög og reglur.

Lög og reglur um matvæli má finna á [vefsíðu](#) Matvælastofnunar.